

Sp.

1014. Þingsályktun

um ríkisaðstoð til bæjar- og hreppsfélaga til togarakaupa.

(Afgreidd frá Sp. 27. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán eða lána þeim bæjar- og hreppsfélögum, sem ætla að koma á hjá sér togarautgerð og hafa þegar sótt um kaup á togurum, enda þarfnist viðkomandi bæjar- eða hreppsfélag fjárhagsstuðnings þessa að álit ríkisstjórnarinnar. Ábyrgðin eða lánið má nema allt að 10% af kostnaðarverði skipanna og hvíla með öðrum veðrétti á skipunum næst á eftir væntanlegu stofnlánadeildarláni. Ábyrgðirnar eða lánin eru bundin því skilyrði, að viðkomandi skip verði rekin af bæjar- eða hreppssjóði eða félögum, sem njóta gagn-ábyrgðar bæjar- eða hreppsfélaga.

Lán þessi mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en greiðist síðan upp með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Samkvæmt þessu er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs eða lána allt að 3 millj. króna.